



280. Stjórnarfundur haldinn 18. janúar 2007 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá: UMFÍ v/ leiðtogar á vettvangi, UMFÍ v/ flutningar á þjónustumiðstöð frá Fellsmúla að Laugarveg 170 Reykjavík, bréf frá UMFÍ v/ lottó – ársyfirlit og tölvupóstur frá Særunu Guðjónsdóttur v/ yfirdráttar körfuknattleiksdeildar Keflavíkur hjá Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi.

Samþykkt að veita körfuknattleiksdeild heimild til að vera með 1.8000.000- kr. yfirdrátt í Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi til 31. maí 2007. Framkvæmdastjóra falið að senda Landsbankanum bréf því til staðfestingar.

3. Send bréf.

Sameiginlegt bréf Keflavíkur og UMFN sent íþróttá- og tómstundaráði RNB v/ óska um að gervigrasið í Reykjaneshöllinni verði endurnýjað (sett verði nýtt gras í höllina).

4. Aðalfundir deilda 2007.

Fundir hafa verið auglýstir á heimasíðu félagsins, í Víkurfréttum og hengdar upp auglýsingar í íþróttamannvirkjum RNB. Einar hvatti stjórnarmenn til að mæta á aðalfundi deilda.

5. Önnur mál.

Einar sat fund miðvikudaginn 10 janúar með Árna Sigfússyni bæjarstjóra, Stefáni Bjarkasyni og Rangari Erni Péturssyni frá RNB og Kristjáni Pálssyni formanni UMFN, Þórði Karlssyni formanni knattspyrnudeildar UMFN og Leif Gunnlaugssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar UMFN vegna nýs leikvangs UMFN. Það kom skýrt fram hjá bæjarstóra að ekki væri um neinar breytingar hvað varðar nýjan keppnisvöll í Reykjanesbæ. Áætlað er að taka hann í notkun 2011. Einari var boðið að koma með á fund Þorbergs verkfræðings hjá Línuhönnun en Þorbergur er með uppbyggingu grasvalla sem sérsvið. Fundurinn með Þorbergi var föstudaginn 12. janúar og var ákveðið að taka sýni úr Keflavíkurvelli og skoða hvaða aðgerðir þarf að gera í framhaldi að því.

Miklar umræður um samskipti við bæjaryfirvöld.

Næsti fundur er 1. feb. 2007

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

